

11. fundur stjórnar

Fundur var haldinn í stjórn landssambands DKG á Skype, kl. 20.00 -22.20 þriðjudaginn 26. febrúar 2019.

Mættar voru: Jóna Benediktsdóttir, Helga M. Steinsson, Helga G. Halldórsdóttir, Jónína Hauksdóttir, Jensína Valdimarsdóttir, Ingibjörg E. Guðmundsdóttir og Eygló Björnsdóttir tók þátt í hluta fundarins.

Dagskrá:

1. Breytingar á lögum og reglugerð samtakanna.

Laganefnd hefur gert breytingar á lögum og reglugerð annars vegar til samræmis við breytingar sem gerðar voru á lögum alþjóðasambandsins og hins vegar breytingar á orðalagi.

Farið var vandlega yfir allar breytingartillögur og gerðar athugasemdir við þær. Forseti mun senda niðurstöður fundarins til laganefndar og endanlegar tillögur til stjórnar.

2. Meðferð tillagna á aðalfundi.

Rætt var um leiðir til að leggja breytingar fram með skilvirkum hætti á fundinum. Gögnin verða send með 30 daga fyrirvara til félagskvemma og þær beðnar að senda inn athugasemdir eða breytingartillögur. Með þessum hætti er hægt að kynna nýjar athugasemdir í upphafi umfjöllunar og biðja um fleiri tillögur. Það ætti að vera hægt að bera upp allar greinar sem ekki hafa verið gerðar athugasemdir við í einu lagi og taka síðan þær greinar sem efnislegar breytingartillögur hafa verið gerðar á.

3. Önnur mál.

Ingibjörg beindi spurningu til forseta og gjaldkera um hvort samningur hótels vegna alþjóðaráðstefnu verði ekki að vera stílaður á landssambandið til að hún geti undirritað hann. Þessu var svarað játandi.

Fleira gerðist ekki.